

155. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
3. 9. 2025 kl. 8:00 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Karl Benediktsson, Sindri Örn Elvarsson, Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Vala Prastardóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ingveldur Sæmundsdóttir, Anna Ragnarsdóttir Pedersen og Huguín Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Lind Völundardóttir, Ingunn Jónsdóttir og Valdís Björg Friðriksdóttir

Gestir: Nejra Mesetovic og Eva Bjarnadóttir sátu fundinn undir fyrsta lið á dagskrá.

Starf setursins á komandi vetri

Huguín Harpa fór yfir helstu verkefni komandi vetrar. Umræður sköpuðust um fjölbreytt verkefni setursins og ýmsa samstarfsfleti milli aðildarstofnana við vinnu að verkefnum og viðfangsefnum setursins.

Breytingar á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá

Huguín Harpa greindi frá bréfi sem setrinu barst frá Sýslumanninum á Vestfjörðum þar sem vakin er athygli á að 1. janúar sl. tóku gildi lög nr. 112/2024 um breytingu á m.a. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Með lögnum eru gerðar auknar kröfur varðandi hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og skipaðra fjárvörsluaðila sjóða og stofnana.

Huguín greindi frá samskiptum sínum við starfsmann sýslumanns og sagði frá því verklagi sem þarf nú að viðhafa vegna breytinga á stjórn og skráningu nýrra stjórnarmanna. Skila þarf eyðublaði vegna breytinga á stjórn auk búsföræðisvottorða frá nýjum stjórnarmönnum. Huguín mun fylgja málinu eftir við sýslumann og fylla út tilkynningu um breytingar á stjórn sem allir stjórnarmenn þurfa að undirrita. Stjórnarmenn þurfa sjálfir að sækja nauðsynleg vottorð en þekkingarsetrið greiðir kostnað vegna þeirra vottorða.

Breytingar á stjórn

Nokkrar breytingar hafa orðið á stjórn frá síðasta fundi, þær eru:

- Ingunn Jónsdóttir tekur sæti Bjarna Guðmundssonar sem fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
- Ingveldur Sæmundsdóttir tekur sæti Ingunnar Jónsdóttur sem fulltrúi Háskólafélags Suðurlands
- Karl Benediktsson tekur sæti Gunnars Þór Jóhannessonar sem fulltrúi Háskóla Íslands
- Anna Ragnarsdóttir Pedersen tekur sæti Steinunnar Haddar Harðardóttur sem fulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs

Önnur mál

Ekki voru önnur mál rædd

Fundir slitið klukkan 9:40

Þórgunnur Torfad
Huguín Reynis.